

Fundargerð
337. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 22. febrúar 2017, kl 15.30 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun annaðist:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá:

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
1. Menntamál
 - Undirbúningur að tilraunaverkefni með Fagháskóla
2. Undirbúningur að félagsstjórnarfundir 23. febrúar
 - [Dagskrá](#)
 - [Fjárhagsáætlun](#)
3. Undirbúningur fyrir næsta trúnaðarmannaráðsfund
 - Tillaga er um 12. október 2017
 - Búið er að staðfesta við Ingibjörgu Jónsdóttur, prófessor í Gautaborg að hún geti verið með erindi á fundinum.
 - [Sjá svarpóst frá Ingibjörgu](#)
4. Ósk um fund með heilbrigðisráðherra
5. Niðurstaða dóms hæstaréttar
6. Kjarasamningar/stofnanasamningar
7. Erindi frá fulltrúa Fagforbundet í Noregi
 - Sjá tölvupóst [Sjá tölvupóst](#)
 - Sjá svarpóst frá Helge Sørli [frá Helge Sørli](#)
8. Saga sjúkraliða
 - [Sjá tölvupóst](#)
9. Íslandsmeistaramótið
10. Er þörf á að prenta fleiri síðareglur sjúkraliða?
11. Laun vegna fundarsetu í framkvæmda- og félagsstjórn SLFÍ

12. Fánamál SLFÍ

Önnur mál

Dagskrá:

1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð alla velkomna og gerði grein fyrir að Birna Ólafsdóttir (BÓ) formaður fræðslunefndar SLFÍ tæki þátt í umræðunni um 3. dagskrárlið.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

3. Menntamál

BÓ gerði grein fyrir að ákveðið væri innan BSRB að framhaldsnám sjúkraliða verði í tilraunaverkefninu um Fagháskólakennslu, en KÁG benti á að sú ákvörðun hafi ekki verið rædd í stjórn bandalagsins. BÓ fór einnig yfir að einhver tregða/misskilningur væri uppi vegna kostnaðar af verkefninu. Háskólarnir töldu að þeir fengju fjármagnið frá ríkinu og verkalýðshreyfingunni og gætu síðan ákveðið skipulag námsins og hvaða faggreinar verði kenndar. Fram kom að skipulagið hafi átt að vera á borðum verkalýshreyfingarinnar í samstarfi og samráði við Menntamálaráðuneytið og háskólana.

Rætt var um hver væru næstu skref til að koma náminu af stað. Talið er nauðsynlegt að Samráðsnefndin um fagháskólanám, sem unnið hefur að málinu hingað til klári tenginguna við háskólana sem mögulega taka að sér námið.

Farið var yfir að inni á LSH er verið að endurvinnna starslýsingar sjúkraliða í samráði við félagið og sjúkraliða og að nauðsynlegt væri að fara sérstaklega yfir starfslýsingar sjúkraliða með sérnám þannig að þær verði í takt við kröfur nýja námsins.

4. Undirbúningur fyrir félagsstjórnarfund

Farið var yfir dagskrá félagsstjórnarfundarins [Dagskrá](#) og fyrirleggjandi málefni rædd. Rætt var um drög að ályktun og talin þörf á að álykta um þá þjónustu/meðferð sem var á sínum tíma gagnvar þeim sem dvöldu á Kópavogshæli. Sú þjónusta hefur verið gagnrýnd í ljósi rannsóknarskýrslu sem nýlega kom út. Í ályktuninni verði borin saman sú þjónusta sem er í boði nú á mörgum heimilum aldraðra og fatlaðra á vegum hins opinbera og tengja við nýtingu á fagmenntun sjúkraliða. Ákveðið að GÖG og KÁG útbúi drög að ályktun.

Einnig var rætt um hvenær væri best að halda vinnufund félagsstjórnar og ákveðið að leggja til að hann verði í september.

5. Undirbúningur fyrir næsta fund trúnaðarmannaráðs

KÁG fór yfir að í framhaldi af umræðunni á síðasta framkvæmdastjórnarfundum væri búið að ganga frá því við Ingibjörgu Jónsdóttur prófessor í Gautaborg að hún yrði með erindi fyrir trúnaðarmenn. Erindið fjallar um stjórnun vinnustaða, streitu og fleira

vinnustaðatengt og byggir á rannsóknum Ingibjargar. Rætt hefur verið við Ingibjörgu og hún getur verið 12. október 2017 og var því ákveðið að hafa fund trúnaðarmannaráðs þann dag.

6. Niðurstaða rafrænnar könnunar

KÁG fór yfir niðurstöðu könnunar meðal sjúkraliða. Veikindi, örorka, vaktir, kjör og fl.

7. Ósk um fund með heilbrigðisráðherra

KÁG fór yfir að búið væri að óska eftir fundi með heilbrigðisráðherra til að fara yfir ýmis mál sem varða sjúkraliða. Farið var yfir málefnið sem ræða á um.

8. Niðurstaða dóms hæstaréttar

GÖG gerði grein fyrir að hæstiréttur hafi staðfest dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli félagsins gegn ríkinu. Málið varðaði „ólöglega uppsögn“ sjúkraliða í Víðihlíð að mati félagsins, en hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um að svo væri ekki. Niðurstaðan er mjög alvarleg fyrir opinbera starfsmenn því hún gefur vinnuveitendum töluvert svigrúm til að velja „fórnarlömb“ með mjög huglægu mati til að segja upp. Málið verður tekið fyrir á næsta fundi Réttindanefndar BSRB.

9. Kjarasamningar/stofnanasamningar

Farið var yfir að búið væri að ganga frá stofnanasamningi við HH og samkomulag væri komið við Ás styrktarfélag um uppfærslu stofnanasamningsins við þá.

Niðurstaða starfsmats Reykjavíkurborgar liggur fyrir og verður greitt samkvæmt því um mánaðamótin mars – apríl. Ekki náðist fullkomin sátt um matið, en athugasemdir fulltrúa félagsins varðandi ákveðna liði voru teknar til greina, en aðrar ekki.

Fulltrúar félagsins töldu að ekki væri mögulegt að hnika til því mati sem nú liggur fyrir því það er að miklu leyti í takt við mat á svörum sjúkraliða sem þátt tóku í starfsmatinu.

Áfram er þrýst á þær stofnanir sem ekki hefur náðst að klára stofnanasamninga við.

Fundir eru framundan með HSu og HSN, en samningsdrög eru komin á borðið við HVest en illa gengur að fá þau undirrituð. HSS er í frosti því á þeirri stofnun þarf að fá inn ákvæði um heimahjúkrun.

Farið var yfir stöðuna í „stubbavaktanefndinni“. KÁG fór yfir hver væru næstu skref nefndarinnar. Fulltrúar í nefndinni hafa farið á HSA og HSS og skilað skýrslu. Farið var yfir niðurstöðurnar úr þeirri vinnu.

10. Erindi frá fulltrúa Fagforbundet í Noregi

KÁG fór yfir að hún, GÖG og BÓ færu á fundi í Osló 8. og 9. mars þ.s. farið verður yfir tilhögun Norðurlandamóts í iðn- og verkgreinum 8. mars. Þann 9. mars verður fundur með Helge Sörle þ.s. fram fer kynning á norska vinnumarkaðsmódelinu/ markaðnum og farið verður yfir spurningar frá fulltrúum SLFÍ varðandi norska vinnumarkaðinn.

11. Saga sjúkraliða

KAG fór yfir að blaðamaður á Kvinnablaðinu hafi óskað eftir eintaki af Sögu sjúkarliða rafrænt eða í bókformi til að fjalla um í blaðinu. Bókin hefur verið send á blaðamanninn og hann mun senda eintak af greininni til yfirlestrar áður en hún verður birt.

12. Íslandsmeistaramótið

BÓ fór yfir að Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur dregið sig úr keppninni þ.s. ómögulegt hefur reynst að fá keppendur. Annars er undirbúningur í góðum farvegi. Það verða þrjú lið og búið er að fá sjúkling/leikendur, en verkefni eru hjúkrun liðskipta- og parkinssonsjúklinga. Samhliða mótinu verður boðið upp á blóðþrýstingsmælingu, súrefnismettunarmælingu og pepflautu sem mælir öndunarrúmál lungna.

KÁG fór yfir að fulltrúum félagsins hafi verið boðið á fund í Noregi til að fara yfir hugsanlegt Norðurlandamót í iðn- og tæknigreinum, þ.s. ræða á möguleika á að halda slíkt mót. Fram kom að þessi fundur verður tengdur við fund í Osló um kynningu á norska vinnumarkaðsmódelinu.

13. Er þörf á að prenta fleiri siðareglur sjúkraliða

Málið rætt og ákveðið að prenta reglurnar í plakatsformi. GÖG fer í þetta.

14. Fjárveiting til Deildar sjúkraliða með sérnám

Ósk hefur borist frá sérdeild sjúkraliða um fjárstuðning vegna bíókvölds. Ákveðið að styrkja.

15. Laun vegna fundarsetu í framkvæmda- og félagsstjórn SLFÍ

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) gjaldkeri SLFÍ ræddi um að greiðslur fyrir fundasetu í stjórnnum SLFÍ hafi ekki verið hækkaðar í töluverðan tíma. Ákveðið að JJS kynni sér málið hjá öðrum félögum sem greiða fyrir fundarsetu og málið rætt nánar á næsta fundi.

16. Fánamál SLFÍ

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ fór yfir að náðst hafi samkomulag um að láta gera nýjan fána fyrir 180.00 kr. + vsk. og flutningskostnað. Ákveðið að JT skoði málið áfram.

Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 18.33